

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga 470.mál um leigubifreiðar

Undirritaður langar að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta:

Þrátt fyrir að bent hafi verið á þá vankanta sem lausatök á leigubifreiðaaakstri, í þeim löndum sem breytt hafa lögum í frelsisátt leggur innviðaráðherra fram þetta frumvarp nánast óbreytt.

Engin tilraun hefur verið gerð til í að óska eftir undanþágu frá ESA vegna smæðar Íslands á örmarkaði leigubifreiðapönustu.

Ekki hefur verið gerð úttekt á hversu stór markaður er fyrir þessa þjónustu eða hvort aukið frelsi muni leiða til bættrar þjónustu eða lægra gjalds.

Ég skora á Umhverfis og samgöngunefnd að fresta afgreiðslu þessa frumvarps þangað til hefur verið gerð úttekt á því hvort þessar breytingar í frelsisátt hafi leitt til betri og öruggari þjónustu eða lægra gjalds á hinum norðurlöndunum.

Ársæll Hauksson
Vesturtúni 4
225 Garðabær